

Beint úr bílskúrnunum inn á plötusamning

„Við höfum verið æðislega heppin á allan hátt. Það má eiginlega segja að við höfum rúllað beint út úr bílskúrnunum og inn á plötusamning,“ sögðu meðlimir hljómsveitarinnar Kikk er Járnsíðan heimsótti þau upp á fimmtu hæð í Gaukshólum á uppstigningardag.

Þetta eru vissulega orð að sönnu því þrátt fyrir ungan aldur er hljómsveitin komin á plötusamning hjá Steinum og er ráðgert að breiðskífa komi út í haust. Að sögn krakkanna er jafnvel verið að hugsa um langtímasamning, en slíkt hefur þó ekki verið ákveðið. Vissulega mikil heppni hjá Kikk að komast á samning á þessum síðustu og verstu tímum samdráttar og yfirvofandi kreppu (kannski er hún bara komin).

Þau, sem ég ræddi við í Gaukshólum, voru allir meðlimir Kikk, nema trommarinn Sigurður Helgason. Hin í hljómsveitinni eru Guðmundur Jónsson/ gítar, Sveinn Kjartansson/ bassi, Gunnar Rafnsson/ hljómborð, að ögleymdri Sigríði Beinteinsdóttur, söngkonu.

Fæst hafa þau verið í neinum stórsveitum. Sveinn, sem er Ísfirðingur, lék þar með hljómsveitinni Lögréttu og bæði Guðmundur og Sveinn léku áður í sveitum, sem þeim er greinilega ekkert sérlega annat um að kæmu fram í dagsljósi. Sigríður, kölluð Sigga eins og allir kvenmenn með þessu nafni, söng fyrst í hljómsveitinni Geðfró í Kópavogi, en vakti verulega athygli með hljómsveitinni Meinvillingar í Músiktilraunum SATT í vetur. Var það almenn skoðun þeirra, sem til heyrðu, að þar færi stórefnileg söngkona með liðónýta sveit að baki sér.

Móral

— Hvað kom til að þú hættir í Meinvillingum?

„Það var bara svo lélegur mórall í hljómsveitinni. Hún var stofnuð viku áður en Músiktilraunir



Fimmningarnir í Kikk glöttast inni í lólegu eintaki af Mazda-bifreið, sem er í eigu eins meðlimanna.

Morgunblaðið/ KEE.

hófust og entlist ekki lengi líf eftir að þessum tilraunum lauk.“

Samkvæmt upplýsingum sem fengust að Gaukshólum þennan dag, má rekja upphafið að Kikk aftur til síðasta hausts er þeir Guðmundur og Sigurður kynntust. Sveinn bættist svo í hópinn, áður en snörurnar voru lagðar fyrir Siggú. Hún reyndist öllu auðveldari bráð en við var búist, aðallega vegna móralsleysis Meinvillinganna, sem voru eiginlega í „pásu“.

Þannig skipuð hóf Kikk ferill sinn, sem fjögurra manna sveit. Hugmyndina að nafninu fékk Sveinn að sögn skyndilega er hann var undir stýri. Fyrstu viðbrögðin við nafninu voru ekkert alltof jákvæð og voru krakkarnir í hljómsveitinni vart sátta við það sjálf. Ekki bætti úr skák þegar þau fóru að reyna fyrir sér með dansleikjahaldi. Um leið og nafnið Kikk var nefnt voru þau

spurð að því hvort þetta væru einhverjir pönkarar.

Æfingar

Gunnar bættist í hópinn í lok febrúar og hefur hljómsveitin því starfað í núverandi mynd í rúma tvo mánuði. Eðlilega hefur mikill tími farið í æfingar og segja þau, að þær séu vart færri en 80—90 talsins. Öll kvöld og allar helgar hafa verið notaðar, enda þýðir að þeirra sögn ekkert annað ætli menn sér að ná einhverjum árangri. Nú þegar búid er að krækja í plötusamning er að hrökkva eða stökkva. Fimmningarnir í Kikk eru staðráðnir í að stökkva.

— Hvað kom til að þið komust á samning hjá Steinum?

„Við vorum að spila í Klúbbnum á vegum SATT þegar þeir heyrðu í okkur. Þeir komu að máli við okkur og áður en varði var þetta frágengið mál. Úr því við minnumst á SATT viljum við endilega koma á framfæri einlægu þakklæti til þess félags. Það má segja að SATT eigi fullt eins mikinn þátt í velgengni okkar og við sjálf. Hefðum við ekki fengið tækifæri til að koma fram á þeirra vegum er ekkert víst að staðan væri sú, sem hún er í dag.“

— Hvernig hefur spilamennskan gengið til þessa?

„Bara fint. Við fengum t.d. mjög góðar móttökur á sveitaböllum í Röst á Hellissandi. Kannski vegna þess að allir héldu að við værum algerir pönkarar. Við höfum líka komið fram í Glæsibæ, Þórskaffi, Klúbbnum og á Borginni. Það gekk ágætlega, enda þótt fólkið í Glæsibæ hafi kannski verið í eldri kantinum fyrir okkar tónlist. Við höfum reyndar fengið að heyra, að í ár væri 1983 og fólk þar með að gefa í skyn að við séum eitthvað gamaldags, en hver er kominn til með að segja að allt þurfi endilega að vera nýtt?“

Keyrslurokk

— Hvernig er ykkar tónlist í megindrattum?

„Þetta er að uppistöðu til keyrslurokk. Það er annars alltaf dálítið erfitt að ætla sér að skilgreina eigin tónlist. Inn á milli má

heyra eitt og eitt reggae-lag, en bara eitt lag, sem flokkast getur undir gamla vangalagarammann. Þótt við nefnum okkar tónlist keyrslurokk er hún ekkert mjög þung. Á tónleikum leikum við eingöngu okkar eigin lög, en á böllum erum við með fullt af annarra lögum í eigin túlkun.“

— Ætlið þið þá að hella ykkur af krafti út í dansleikjansann í sumar?

„Já, við gerum það alveg tvímælalaust. Bæði gefur það okkur mikla æfingu og þá vantar okkur ekki síður peninga fyrir bættum tækjakosti. Þá sakar ekki að lappa aðeins upp á skuldbaggann, sem er farinn að teygja sig óþægilega yfir á annað hundrað þúsund. Eðlilega vildum við helst geta einbeitt okkur að því að halda tónleika. Við erum þegar búin að bóka okkur allan júnimánuð og eitthvað af júlí.“

— Kemur þetta ekki til með að koma niður á vinnu og skóla hjá ykkur og hefur kannski þegar gert?

„Við erum reyndar öll í vinnu, en þetta hefur ekki ennþá komið niður á henni. Vafalítið gerir þetta það þegar liða tekur fram á sumarið. Þá er hætt við að allir föstudagar fari fyrir ofan garð og neðan vegna ferðalaga. Það er hins vegar dýrt að ferðast svo við höfum reynt að skipuleggja böll föstudaga og laugardaga helst innan sama héraðs eða svæðis til að nýta ferðina betur.“

Bulltextar

— Hver semur lögin ykkar og textana?

„Guðmundur á öll lögin og hann hefur reyndar samið bráðabirgðatexta við þau á ensku. Þeir eru reyndar óttalegt bull (höfundurinn tekur fúslega undir þá skoðun), en stefnan er að hafa íslenska texta. Það er hins vegar ekkert ljóðskáld innan hópsins, svo við höfum leitað m.a. til Kristjáns Hreinsmögurs. Textarnir okkar hafa orðið fyrir réttmætu aðkasti, m.a. í Tímanum, en fyrir þá sem ekkert um þetta vita, bendum við sem sagt á það, að verið er að semja íslenska texta.“

— Er þessi tónlist alfarið í anda Kikk, eða gættir áhrifa annars staðar frá?

„Þetta er náttúrulega okkar tónlist,“ segir Guðmundur, sem semur lögin. „En það segir sig sjálft, að maður verður fyrir áhrifum af öllu því sem maður hlustar á — misjafnlega mikið auðvitað. Sjálfur er ég t.d. mjög hrifinn af Saga, en hin í bandinu hlusta á allt mögulegt, meira að segja bigband-tónlist.“

— Hefur Kikk ekki nein háleit markmið?

„Nei, í sjálfu sér ekki. Leggjum á það áherslu að hljóðfærin eru ekki bara undirleikshljóðfæri. Hins vegar viljum við fara varlega í allar yfirlýsingar. Látum tónlistina tala fyrir okkur, en hvetjum auðvitað alla til þess að koma og heyra okkur spila.“

— SSv.

